

Urriðafoss í Þjórsá Veiðikort og veiðistaðalýsing

Urriðafoss er ein af náttúruperlum Íslands og menn eru skyldugir til þess að ganga vel um svæðið og hirða allt rusl. Ekki er leyfilegt að gera að fiskum við ána. Urriðafoss er vatnsmesti foss landsins og skulu veiðimenn sýna aðgát.

Þjórsá er jökulá og vatnsmagn hennar getur aukist verulega á skömmum tíma og mikilvægt að veiðimenn séu með skýra hugsun og er það ósk okkar að áfengi sé ekki haft um hönd. Ungmennum skal ávalt fylgja einhver

fullorðinn. Veiðimenn eru á eigin ábyrgð. Kvóti og leyfilegt agn 2018

Leyfilegt er að drepa 5 smálaxa á dag á stöng. Mælst verður til að menn hlífi stórlaxi sé það mögulegt. Leyfilegt agn er fluga og maður.

Veiðimenn athugið! Eftir að fimmti laxinn hefur verið drepinn er ekki leyfilegt að veiða lengur, hvorki á maðk né flugu. Svo ef menn ætla að láta veiðina endast út daginn er fólki ráðlagt að sleppa ósárum

fiskum og klára ekki kvótann snemma.

Brot á kvótareglum verða til þess að landeiganda er heimilt að gera allan afla upptækan.

Veiðibók er á bílastæðinu og skulu veiðimenn skrá allan lax

Veiðitími

27. maí - 10. ágúst: 7 - 13 og 16 - 22.

11. ágúst - 31. ágúst: 7 - 13 og 15 - 21.

1. sept. - 15. sept.: 7 - 13 og 14 - 20.



#urridafoss



www.icelandoutfitters.com
466 2680



Urriðafoss í Þjórsá Veiðikort og veiðistaðalýsing

Neðri hluti

Lækjalátur

Er sennilega besti veiðistaðurinn en þetta er frekar stuttur hylur á milli tveggja fossa. Allur lax sem gengur upp Þjórsá virðist stoppa þar til að hvíla sig. Laxinn getur legið efst í hvítfrissinu og alla leið niður á blábrot. Besti bletturinn er frekar nálægt landi um það bil meter áður en áin fossar niður í Huldu sem er næsti staður fyrir neðan. Lækjalátur var besta netalögnin hér áður fyrr og stundum er svo mikið af fiski þar að vatnið kraumar.

Hulda

Hulda er beint fyrir neðan Lækjalátur og er svipað góður og Lækjalátur, hún byrjar í litlum fossi og endar í miklum flúðum. Vestantil eða landmeginn er renna sem laxinn liggur í, besti kaflinn vestan til er á endanum í rennunni á móts við grjótin sem standa þar upp úr. Laxinn getur legið á grunnu vatni í rennunni. Austantil, eða úti á, myndast pallur á milli stórra grjóta og hefur manni reynst best að nota flotholt til að halda agninu á viðkomandi stað en mikill straumur og hringstreymi gerir það erfitt að halda agninu á réttum stað.

Skar

Skarið er beint fyrir neðan allan hávaðan af urriðafossi og minnir þetta skar einna helst á eyju frekar en skar, þar er gömul og góð netalögn og liggur laxinn nálægt landi, meðfram berginu og getur legið á löngum kafla meðfram allri eyjunni. Mönnum ber að fara varlega því þar er mikið dýpi og mikill straumur. Þegar mikið vatn er í Þjórsá koma dagar þar sem ekki er hægt að komast í Skarið en þegar venjulegt vatn er í ánni er hægt að komast á strigaskóm.

Skarpollur

Skarpollur er beint fyrir neðan skarið og myndast lygnupollur nálægt landi sem endar í litlum stút. Þar getur lax

legið um alla lygnuna. Einnig kemur kvísl niður úr Huldu beint niður í lygnuna og þegar mikið er vatnið getur lax legið í nokkrum flottum stöðum í kvíslinni.

Vaður

Vaður eru nokkrar breiður fyrir neðan Skerpollin, þar myndast nokkur brot nálægt landinu og laxinn liggur oftast við þau, eins getur laxinn legið útá breiðunum.

Efri hluti

Grjótin

Grjótin eru efsti veiðistaður á Urriðafossvæðinu, u.þ.b. 250 metra fyrir neðan gömlu Þjórsárbrúna. Áin rennur í miklum stökk á miklum hraða undir brúnni og þar sem áin er við það að byrja að breiða úr sér eru stórrgjót nálægt landi sem mynda polla og litlar lænur og endar í breiðu. Besta veiðin hefur verið neðarlega í grjótunum og út í breiðunni.

Kláfur

Undir kláfnum er breiða og liggur laxinn nálægt landi og getur laxinn legið rétt fyrir ofan kláfin og niður fyrir þar sem áin byrjar að beygja inn í Hestvík.

Hestvík

Hestvík er skráttur en mjög góður veiðistaður. Þetta er í raun fyrsti hvíldarstaður eftir allan hávaðan fyrir neðan nýjubrú. Hestvíkin er öflugstreymi og myndast stórt hringstreymi, laxinn getur legið nánast uppí landi alveg frá því þar sem öflugstreymið byrjar þangað til það endar. Mesta veiðin hefur verið neðarlega í öflugstreyminu beint fyrir utan stórt grjót sem stendur á bakkanum.

Sandholt

Sandholtið er gamallt netalagna-stæði, það er mjög mikill straumur á

ánni útifyrir en það myndast smá hlér við bakkan það sem laxinn stoppar á göngu.

Gljúfur

Rétt fyrir neðan Sandholtið hamast áin niður á við með miklum straum og þunga, mikið er af hnullungagrjótum sem standa út í ánni og mynda hlé, potta og brot þar sem laxinn liggur á göngu. Þetta svæði er erfitt yfirferðar og er hægt að kalla það leggjabrot, svo það er ekki fyrir alla, en við mælum með að kíkja á þetta svæði.

Lækjarbreiða

Lækjarbreiðan er sennilega besti fluguveiðistaðurinn á svæðinu. Lækjarbreiðan er beint fyrir neðan lækinn sem rennur hjá bílastæðinu. Veiðistaðurinn er falleg breiða sem byrjar að myndast ca 100 metrum fyrir ofan lækinn og endar svo með að falla ofan í Lækjalátrið. Þetta er alveg ekta fossbrot og var veiðin mjög góð á þessum stað í fyrra sumar.

Veiðisvæðaskipting

Veiðifólk sér sjálft um að draga um svæði. Við leggjum til að fólk hittist á bílastæðinu kl. 06:45 til að draga um hvoru megin þið byrjið. Komi menn of seint þá er þeim sem mætir á undan heimilt að velja hvar þeir byrja. 2 stangir eru saman á svæði og skipt á 3 tíma skiptingu. 7-10, 10-13, 16-19, 19-22

2 stangir

Lækjalátri, Huldu og Skar.

2 stangir

Grjót, Kláfur, Hestvík, sandholt, Gljúfur, Lækjarbreiða og Vaður